



## Fundargerð

**Staður og tími:** Zoom fjarfundur - 5. júlí 2022 kl. 18:00

**Mættir aðalmenn:** Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Baldvin Hansson (BH), Halldór Jóhannsson (HJ) og Halldór Viðar Hauksson (HVH) aðalmenn .

**Mættir varamenn** Sigurjón Andersen (SA):

**Fjarverandi:** Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson (BÞB) framkvæmdastjóri.

AS ritaði fundargerð.

---

### 1. Götuspyrna - Íslandsmeistarar

HKS leggur til að grein 3.1.2.b í Reglugerð um keppnishald verði breytt á þann hátt að einungis þurfi þrjá keppendur í flokki til að velja Íslandsmeistara þegar einungis er ein keppni í viðkomandi grein. Ákveðið að taka málið fyrir þegar yfirstandandi keppnistímabili er lokið.

### 2. Reglur um fjarfundi.

Vinnuhópur sem skipaður var á fundi stjórnar 17. maí hefur ekkert komið saman og JE hefur sagt sig úr stjórninni.

Ákveðið að HJ, SA og AS fari í málið og skili sínum tillögum ekki seinna en á fundi stjórnar 15. september 2022.

### 3. Áfrýjun keppanda. - Bíladagar Götuspyrna

Stjórn var upplýst um tilkynningu keppanda um ætlan hans að áfrýja úrskurði dómnefndar í götuspyrnu Bíladaga 18. júní s.l. Þeirri tilkynningu hefur verið komið til formanns áfrýjunardómstóls AKÍS.

### 4. RIG

Óskað hefur verið eftir að akstursíþróttir verði liður í RIG 2023.

Ákveðið að BÞB sendi erindi á aðildarfélög sambandsins og kynni fyrir þeim þá möguleika sem eru varðandi viðburði á RIG.

### 5. Motorsport Games

FIA heldur Motorsport Games í Frakklandi 26. - 30. október í haust með 18 keppnisgreinum. Nokkrir aðilar hér á landi hafa lýst yfir áhuga á að taka þátt í leikunum.

Stjórnin lýsir yfir áhuga sínum á leikunum og mun vekja athygli á þeim á sínum miðlum og styðja við hugsanlega þátttakendur héðan með aðstoð í samskiptum við skráningu o.fl.

## 6. Öryggisráð

AÓS hefur sagt sig úr Öryggisráðinu og eru þá þrír fulltrúar eftir í því. Komið hefur ósk frá þeim sem sitja í ráðinu að stjórnin tilnefndi einn til tvo nýja fulltrúa í ráðið.

Ákveðið að leita eftir fleiri fulltrúum í ráðið og reyna að fá aðila með sérstaka þekkingu á þeim greinum sem þörf er á.

## 7. Rafmagnsbílar

Formaður öryggisráðs hefur vakið athygli formanns og framkvæmdastjóra á því að rafknúin ökutæki hafi tekið þátt í keppni í sumar án þess að viðeigandi öryggisbúnaður til að bregðast við óhöppum í slíkum ökutækjum væri til staðar.

Ákveðið að HKS og BÞB geri tillögu að viðbót við reglugerð um keppnishald þar sem keppni á rafknúnum ökutækjum verður bönnuð nema fullnægjandi öryggisbúnaður og þekking til að beita honum sé til staðar á keppnissvæðinu.

## 8. Önnur mál

- **Fjárhagslegur stuðningur við íþróttastarf vegna Covid-19:** Opnað hefur verið fyrir umsóknir á vef ÍSí. BÞB falið að senda upplýsingar um þetta til aðildarféлага ásamt því að hvetja þau til að sækja um, hafi þau forsendur til þess, ásamt því að áætla tap AKÍS og kanna hvort það fáiast að einhverju leyti bætt.
- **Reikningur frá Sáttaleiðinni:** Samþykkt að greiða framlagðann reikning.
- **Tillaga SA um hámarks lengd funda stjórnar:** Umræða um fundarsköp og fundartíma.

Næsti fundur 19. júlí kl. 18 á Zoom.

Fundi slitið kl. 20.05